



FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ

324. Stjórnarfundur haldinn 18. desember 2008 kl:17:05

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Engin.

3. Send bréf.

Bréf sent í tölvupósti til deilda vegna brottfalls barna úr íþróttum.

Bréf sent Kreditkort hf. v/skulda körfuknattleiksdeildar.

4. Íþróttamaður Keflavíkur.

Farið yfir umsagnir íþróttamanna deilda félagsins. Sameiginleg ákvörðun um að tilnefnda *Guðmund Steinarsson knattspyrnumann, íþróttamann Keflavíkur 2008*. Hófið verður haldið 29. desember 2008 í félagsheimili okkar að hringbraut 108 og hefst kl. 20:00.

5. Jólblaðið.

Jólblaðinu hefur verið dreift í öll hús í Reykjanesbæ. Sunddeild félagsins tók að sér útburðinn. Blaðið hefur fengið góðar móttökur, en það er 28 síður og allt í lit.

6. Fjárhagsstaða körfuknattleiksdeildar.

Rætt um skuldir sem aðalstjórn hefur verið að greiða vegna körfuknattleiksdeildar sem komnar voru í vanskil. *Samþykkt að breyta þessu í styrk til deildarinnar.*

7. Önnur mál.

Húsasmiðjan styrkti félagið um jólaseríu á félagsheimilið.

EH setti net fyrir loftinntök í kjallara en köttur hafði komist inn í kjallarann í gegnum loftstökkinn.

Kjöri á íþróttamanni Reykjanesbæjar verður lýst í íþróttarhúsinu í Njarðvík á gamlársmorgun kl. 13:00 óskað er eftir nærveru stjórnarmanna.

Næsti fundur 15. janúar 2009.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:30

Fundinn ritaði SG

